

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, starfsfólk, samnemendur og aðrir góðir gestir. Margrét Olsen heiti ég og fékk ég þann heiður að flytja ræðu fyrir hönd nýstúdenta í dag.

Þegar ég horfi til baka man ég eftir spurningunni sem ég spurði alltaf þá sem voru að ljúka stúdentsprófi en hún var “og hvað ætlarðu svo að gera núna?” og auðvitað bjóst maður við því að fá almennilegt svar, eitthvað plan.

Í dag stöndum við hér með húfurnar á höfðinu og örugglega öll búin að fá þessa spurningu einusinni, kannski tvisvar eða jafnvel hundrað sinnum, eins og í mínu tilfelli. Í hvert skipti sem einhver nefnir framtíðina fer maður alveg í kleinu og svarar með örstuttu “ég veit það ekki”. ---- Hvers vegna hræðir framtíðin okkur svona mikið? Hún sem er full af ævintýrum, möguleikum og spennandi tækifærum, hún hefur svo sannarlega upp á margt að bjóða. Kannski er það vegna þess að við gleymum okkur og höldum að við þurfum að ákveða hér og nú hvað við ætlum að gera það sem eftir er ævinnar en við höfum nægan tíma.

Fyrir framan okkur eru ótal dyr, endalausir möguleikar. Það er ekki skrifað í stjörnurnar að ef við opnum eina dyr að fáum við aldrei að opna fleiri. Verum hugrökk, opnum eina og ef það sem við finnum þar hentar okkur ekki – opnum bara þá næstu. Athugum hvað lífið hefur upp á að bjóða, upplifum eitthvað nýtt og njótum þess að vera til. Við eigum ekki að vera hrædd við tækifærin sem bjóðast, því að lífið er bara rétt að byrja og það snýst bara um hugarfar. Eitt af því sem gott er að hafa í huga er að mistök eru til að læra af þeim og ef eitthvað sem við veljum reynist vera mistök þá er það bara gott innlegg í reynslubankann. Ég hef oft heyrt sagt að sá sem hefur aldrei gert nein mistök hafi ekkert lært. Ef okkur líkar ekki hvernig heimurinn er, þá eigum við að breyta honum. Nelson Mandela sagði að menntun væri vopn í okkar höndum til þess að breyta heiminum. Það eru orð að sönnu.

Ég byrjaði á því að taka eitt ár hér í FSN eftir grunnskóla áður en ég ákvað að fara í skiptináám til Spánar. Það er upplifun og lífsreynsla sem ég mun eiga og búa að alla tíð. Ég kynntist fullt af frábæru fólki, lærði nýtt tungumál og gerði hluti sem ég hefði aldrei látið mér detta í hug að gera áður. Ég man eftir að hafa hringt í mömmu mína eftir sirka þriggja mánaða dvöl og sagði við hana orðrétt „Mamma nú ég er komin á botninn.. Ég borðaði nautahala, var í skóla á Þorláksmessu og ég fékk núll á prófi“. Sú reynsla að fara frá öllu og öllum sem maður þekkir er mjög góð. Það kennir manni hvaða hlutir í lífinu eru mikilvægastir og hversu gott við höfum það hér á Íslandi. Þvottavélin gengur hér allan daginn, alla daga, við tókum 40 mínútna sturtur og skiljum

kannski eftir ljós í húsinu þegar við förum eitthvað. Þarna úti var það alls ekki þannig. Þvotturinn var þveginn einusinni eða tvisvar í viku og sturtur máttu aldrei vera lengri en 5 mínútur, með stoppum til að setja í sig sjampó og hárnæringu. Ljós máttu aldrei loga nema myrkur væri og húsið var ekki kynt um veturinn fyrr en það var orðið ískalt inni því. - Við verðum stundum að stoppa í smá stund og horfa á hversu rík og heppin við erum hérna á Íslandi og passa að vera þakklát fyrir þá hluti sem við teljum sjálfsgöða, því þeir eru það ekki.

Tími minn hér í skólanum hefur verið viðburðaríkur og skemmtilegur og í dag kveð ég með bros á vör og sól í hjarta. Andrúmsloftið hér er bæði vinalegt og hvetjandi og félagslífið er frábært. Á mínum árum hér, sem eru nú ekki mörg, hef ég gert allt á milli himins og jarðar. Ég fór í skíðaferðalag til Akureyrar, á kaffihúsakvöld, ótal mörg böll og í Danmerkurferð svo eitthvað sé nefnt. Allt hefur þetta skapað ótal minningar og margskonar reynslu sem ég hef með mér í vegarnesti út í lífið.

Ég ætla ekki að gleyma að hrósa kennurum skólans sem að mínu mati fá toppeinkunn. Það er alls ekki á mörgum stöðum þar sem að kennararnir verða vinir manns líka. Þeir leggja allir sitt af mörkum til að hjálpa hverjum og einum og þá vantar ekki metnaðinn, eru hvetjandi en gera samt kröfur um að maður leggi sig fram.

Ég vil þakka öllum kærlega fyrir þennan tíma hér í FSN og við ykkur sem eruð að útskrifast með mér segi ég: Það er ekkert ómögulegt, lífið er rétt að byrja ☺ Til hamingju við öll ☺ ...